



OYSTER PERPETUAL  
GMT-MASTER II

**ROLEX**

**M**  
MICHELSEN  
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - www.michelsen.is

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 22. júní 2016


25. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



## Sveitarfélög fá hlut í fjármagnstekjuskatti

Eiríkur Björn Björgvinsson hefur verið bæjarstjóri á Akureyri í sex ár. Hann segir innviði sveitarfélagsins vera sterka og það geti tekið við miklu fleiri ferðamönnum. Vill að sveitarfélögin fái hlutdeild í fjármagnstekjuskatti og óliugjaldi sem ríkið innheimtir. »4



»2  
**Vinnuumhverfið gjörbreytist**  
Starfsmenn Íslandsbanka munu ekki ganga að sætum sínum vísam þegar nýjar höfuðstöðvar verða opnaðar.

»5  
**Pundið gæti lækkað um 15%**  
Milljarðamæringurinn George Soros varar við útgöngu úr Evrópusambandinu.

»6  
**Pólitísk afskipti í Indlandi**  
Lars Christensen óttast að enn séu menn að upplifa pólitísk afskipti af peningamálastefnunni á Indlandi.



**Á LEIÐ TIL ÚTLANDA?**

Velkomin í verslun okkar á fríhafnarsvæðinu í Leifsstöð

Sjónmælingar (tímabantanir):  
Optical Studio í Leifsstöð, 4250500  
Optical Studio í Smáralind, 5288500  
Optical Studio í Keflavík, 4213811

**Optical Studio**  
SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK



## SKJÓÐAN



## Allt fyrir bankana – alltaf!

**KORTAVELTA** útlendinga hér á landi nam tæpum tuttugu milljörðum í maí og er þetta meira en 50 prósent aukning frá því í maí í fyrra. Virðisaukaskattur til ríkisins vegna erlendra ferðamanna nemur nú tugum milljarða á ári og fer ört vaxandi þar sem ferðamönnum fjölga stöðugt og undanþágum frá vaski fækka óðum. Samt virðist ríkið ekki geta haft forystu um að vernda ferðamannastæði og náttúruperlur fyrir ágangi og byggja upp boðlega aðstöðu fyrir ferðamenn – eða standa í öllu falli ekki í vegi slíkrar uppbyggingar.

Í **UPPHAFI** þessa árs var því spáð að erlendir ferðamenn gætu orðið um 1,7 milljónir á öllu árinu. Aukningin virðist vera enn meiri og mikill uppgangur er sjáanlegur í ferðamannaþjónustu. Í Reykjavík er húsnæði, sem áður hýsti skrifstofur og heimili, breytt í hótél og svipað gerist í þéttbýli og dreifbýli hringinn í kringum landið.

**ÞAD ERU HINS VEGAR** blikur á lofti. Ferðaþjónusta er að stórum hluta grasrótastarfsemi unnin af einyrkjum. Flest hótél og gistiheimili eru fremur lítil með einungis nokkrum herbergjum. Slíkur rekstur er ávallt basl. Ef ráða skal starfsfólk þarf gjarnan að ráðast í fjárfestingu til að einingarnar nái þeirri stærð sem nauðsynleg er til að standa undir kostnaði. Launakostnaður er umtalsverður og hefur hækkað mjög vegna kjarasamninga undanfarnin misseri.

**OG ÞÁ** komum við að fjárfestingunni. Vextir á framkvæmdalánum í íslenskum bönkum eru óheyrilega háir, 10 prósent og upp úr. Þetta kallar á hættulega mikinn framkvæmdahraða því enginn hefur efni á að borga slíka vexti, ekki einu sinni ferðaþjónustan með alla sína útlendu viðskiptavini. Undanfarna tólf mánuði hefur verðbólga verið 1,57 prósent hér á landi en samt eru bankarnir að lána á 10 prósent og upp úr. Þetta þýðir að raunvextir eru 8,5 prósent og þaðan af hærri.

Í **NÁGRANNALÖNDUM** okkar eru slík lán á u.þ.b. 2 prósent vöxtum og er þó verðbólguumhverfi mjög áþekkt því sem er hér á landi. Þetta vaxtaokkur er í boði hávaxtastefnu Seðlabanka Íslands og fákeppni á íslenskum bankamarkaði. Vegna gjaldeyris-hafta stendur ferðaþjónustufyrirtækjum almennt ekki til boða að fjármagna sig með erlendri fjármögnun og því stendur íslensk ferðaþjónusta ekki jafnfætis í samkeppni við útlönd – ekki fremur en önnur atvinnustarfsemi hér á landi, nema helst stórútgærdin, sem nýtur umtalsverðra hlunninda af hálfu stjórnvalda.

Í **HNÓTSKURN** þýðir þetta að banka- og fjármálakerfið sagnar með vaxtaokri til sín nær allar tekjur ferðaþjónustunnar, sem stendur ótraustum fótum jafnvel nú, þegar ferðaþjónusta vex sem aldrei fyrr. Ferðaþjónustan gæti án efa greitt hærri laun og fjárfest meira ef böndum yrði komið á bankana.

## MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Umsjón Jón Hákon Halldórsson jonhakon@365.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir | Forsíðumynd Auðunn Nielsson  
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

## FRÉTTABLAÐIÐ

# 59,5%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.\*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.


59,5% lesa  
Fréttablaðið

28,6% lesa  
Morgunblaðið

Gallup, janúar–mars 2016



Allt sem þú þarft ...



4-8. HÆÐ

Grunnmynd af hefbundinni hæð í Norðurturninum. Á hverri hæð er gert ráð fyrir að um 190 manns geti setið hverju sinni.

## Grundvallarbreytingar gerðar á vinnuumhverfi

Íslandsbanki stefnir að því að taka upp verkefnaað vinnuumhverfi þegar höfuðstöðvar flytjast í Norðurturninn í Kópavogi. Starfsmenn munu ekki eiga föst sæti. Einungis 55 prósent starfsmanna bankans við sæti sín að meðaltali.

Grundvallarbreytingar verða gerðar á vinnuumhverfi höfuðstöðva Íslandsbanka þegar þær flytjast í Norðurturninn við Smáralind. Þar verður tekið upp svokallað verkefnaað vinnuumhverfi í stað hefbundins opins vinnuumhverfis. Hver starfsmaður mun ekki eiga fasta vinnuaðstöðu en velur sér þess í stað vinnuaðstöðu sem hentar þeim verkefnum sem unnin eru hverju sinni.

Hafsteinn Bragason, mannauðsstjóri Íslandsbanka, segir að um tvö ár séu liðin frá því að byrjað var að ihuga þann möguleika að taka upp verkefnaað vinnuumhverfi í nýjum höfuðstöðvum. Raka-skemmdir sem komu upp í höfuðstöðvum bankans á Kirkjusandi flýttu svo þeim áformum.

Samkvæmt mælingum bankans eru í kringum 55 prósent starfsfólks við sæti sín á hverjum tíma. „Við mældum nýtingu á mismunandi tímum dags og var niðurstaðan að á hverjum tíma var nýting þannig að ljóst var að vinnan var unnin mun víðar en eingöngu við reglulega starfsstöð hvers og eins,“ segir Hafsteinn.

Við munum nota mótuneyti sem vinnuaðstöðu, til dæmis sem fundaraðstöðu, hóparými sem leiðir til þess að nýting mótuneytis verður meira í takti við hefbundin fundar- og hópinnurými en nú er.

Hafsteinn Bragason, mannauðsstjóri Íslandsbanka

# 55%

af vinnurýminu er í notkun hverju sinni

Hafsteinn segir að í nýja verkefnaað vinnuumhverfinu verði tryggt að alltaf sé pláss fyrir alla. „Við gerum ráð fyrir því að á hverri hæð verði á bilinu 110 og 120 starfsmenn og þá séu sæti fyrir um 190,“ segir hann. Þá eru talin með fjölnota rými, fundar-

herbergi og félagsrými (kaffistofur eru skilgreindar sem vinnurými). „Það verður því nægt framboð af sætum,“ segir Hafsteinn.

Þá leggur Hafsteinn áherslu á að mótuneytið verði nýtt betur. Í dag eru mótuneytin nýtt í fáa tíma á dag. „Við munum nota mótuneyti sem vinnuaðstöðu, til dæmis sem fundaraðstöðu, hóparými sem leiðir til þess að nýting mótuneytis verður meira í takti við hefbundin fundar- og hópinnurými en nú er,“ segir hann.

Nýjar höfuðstöðvar Íslandsbanka verða byggðar upp að erlendri fyrirmynd og hafa erlendir bankar þegar nýtt sér sambærilegt fyrirkomulag og nefnir Hafsteinn DNB í Noregi og Nordea og ING bankann í Hollandi sem dæmi.

Hafsteinn segir að hvatinn að þessu nýja fyrirkomulagi sé viðbrögð við gagnrýni á opin vinnurými. Upphaflega hugmyndin hafi ekki verið byggð á sparnaðarsjónarmiðum. „Þetta er upprunalega drifið áfram af því að gera umhverfið manneskjulegra og árangursríkara,“ segir Hafsteinn. jonhakon@frettabladid.is

### Vikan sem leið

**150**  
milljarða fjárfesting

Forsvarsmenn Samsung, stærsta snjallsímaframleiðanda heims, tilkynntu í gær að fyrirtækið hyggist fjárfesta 1,2 milljarða dollara, jafnvirði tæplega 150 milljarða króna, í þróun internet-hlutanna næstu fjögur árin. Samsung mun fjárfesta í Kísildalnum til að þróa viðeigandi tækni og styrkja tengsl við nýsköpunarfyrirtæki.

**900**  
störf lögð niður

Royal Bank of Scotland mun á næstu misserum skera niður um niu hundruð störf í Bretlandi, samkvæmt heimildum Reuters. Samtals verður því skorið niður um fimm prósent af heildarfjölda starfsmanna. RBS er í miðju endurskipulagningarferli til að draga úr kostnaði og er niðurskurðurinn liður í því.

**15%**  
lægga gengi

Fjárfestirinn George Soros telur að ef Bretland yfirgefi Evrópusambandið geti gengi pundins veikt um að minnsta kosti fimmtán prósent, og mögulega meira en tuttugu prósent. Þetta skrifaði hann í grein í The Guardian í gær. Þá myndi gengi pundins vera jafnt gengi evru.

### Á döfinni

Miðvikudagur 22. júní

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Mánaðarleg launavísitala í maí 2016
- Vísitala kaupmáttar launa í maí 2016
- Vinnurými í maí 2016

Fimmtudagur 23. júní

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS

- Viðskipti með atvinnuhúsnæði

Mánudagur 27. júní

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Kjötframleiðsla í maí 2016.

Þriðjudagur 28. júní

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Vísitala neysluverðs í júní 2016

Miðvikudagur 29. júní

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Nýskráningar og gjaldþrot hlutafélaga og einkahlutafélaga

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS

- Fjöldi útgefna vegabréfa

Fimmtudagur 30. júní

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Verðmæti sjávaraflla í janúar–mars.

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Útungun alifugla í maí 2016.

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Gistinætur og gestakomur á hótélum í maí 2016.

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Vísitala framleiðsluverðs í maí 2016.

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Vöruiðskipti við útlönd, janúar–maí 2016.

Föstudagur 1. júlí

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS

- Íslyklar og innskráningarþjónusta Ísland.is.



**Þetta er meira en bara bíll.  
Þetta er skjöldur fyrir það sem  
skiptir mestu máli.**



Volkswagen



Jón Hákon  
Halldórsson  
jonhakon@365.is



Eiríkur Björn Björgvinsson íþróttakennari var bæjarstjóri á Austur-Héraði, síðar Fljótsdalshéraði, um átta ára skeið, á árunum 2002-2010. Hann söðlaði síðan um og gerðist bæjarstjóri á Akureyri eftir að L-listinn vann hreinan meirihluta í bæjarstjórn árið 2010. Eiríkur Björn hefur því starfað sem sveitarstjóri í samtals 14 ár. Markaðurinn ræddi við hann um samfélagið á Akureyri og þau verkefni sem blasa þar við.

Eiríkur segir að Akureyrarbær sé enn að glíma við afleiðingar bankahrunsins 2008. „Það eru öll sveitarfélög að gera það – ríkið, allir opinberir aðilar og allt samfélagið eins og við þekkjum,“ segir Eiríkur. Hann segir rekstur Akureyrarbæjar þó vera stöðugan. „Sveitarfélagið stendur vel. Okkur hefur tekist að halda því þannig og við erum að veita mjög öfluga og góða þjónustu. Þó höfum við dregið aðeins úr framkvæmdum vegna þess að bæjarstjódur leyfir ekki að við séum í eins miklum framkvæmdum og fyrir hrun,“ segir Eiríkur. Hann tekur þó fram að bærinn hafi einbeitt sér að ákveðnum verkefnum, aðallega í umhverfismálum og við uppbyggingu innviða. Rekstur sveitarfélagsins hafi verið mjög aðhaldssamur og sveitarfélagið sé ekki mjög skuldsett.

Þó er hallinn á aðalsjóði sveitarfélagsins, þess hluta sem einungis er fjármagnaður með skattgreiðslum, verulegur. Eiríkur segir að vegna þess hafi bæjarráð farið í aðgerðir fyrir á árinu til þess að bæta reksturinn og nýta fjármuni betur. Þá segir Eiríkur að þróunin hafi verið sú að skatttekjur séu ekki að skila sér nógu vel til sveitarfélagsins og verið sé að skoða hvað valdi því. „Svo virðist vera sem sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu séu að ná inn hærra útsvari á móti þeim launahækkunum sem þau hafa verið að glíma við á meðan útsvarið hér hækkar ekki til móts við þær launahækkunir sem hafa orðið hér. Launaútgjöldin hjá okkur eru að verða um 100 prósent af skatttekjum. Það er mjög óeðlileg þróun. Þá er eðlilegt að menn horfi inn á við og skoði hvað er hægt að gera í rekstrinum, vegna þess að tekjur standa ekki undir rekstri aðalsjóðs,“ segir Eiríkur.

Eiríkur segir atvinnuuppbygginguna á Akureyri og í sveitarfélögunum í kring hafa verið mjög öflug. „Hér er eitt af öflugustu útgerðarfyrirtækjum landsins,“ segir Eiríkur og vísar þar í Samherja. „Hér eru líka sterk verktafyrirtæki og sterk ferðaþjónustufyrirtæki. Höldur, eða Bílaleiga Akureyrar, er líklegast þekktast. Þannig að við eigum mjög öflug fyrirtæki og við erum sterkt þjónustusveitarfélag. Hérna er sterk þjónusta, sterkt sjúkrahús, háskólinn skiptir okkur mjög miklu máli. Þannig að innviðirnir eru sterkir og það er það sem gerir það að verkum að sveitarfélagið er öflug þjónustumiðstöð fyrir svæðið og langt út fyrir það,“ segir Eiríkur. Hann segir vaxtarsprotann í atvinnulífinu vera ferðaþjónusta, eins og annars staðar. „Það er gríðarlega mikil velta í kringum ferðaþjónustuna og það skiptir miklu máli fyrir atvinnulífið.“

Eiríkur segir þó að ferðamönnum hafi ekki fjölgað eins mikið á Akureyri og á höfuðborgarsvæðinu og það megi vel bæta við. „En við erum samt að sjá uppbyggingu og ferðaþjónustan er mjög mikilvæg fyrir þetta svæði,“ segir Eiríkur og bætir við að á Akureyri hafi verið byggð upp öflug heilsársferðaþjónusta. „Við getum tekið við miklu fleiri og þess vegna erum við að berjast fyrir því meðal annars að fá beint flug hingað í gegn um Akureyrarflugvöll og það þarf að efla og styrkja flugvöllinn. Það er kominn tími til



Eiríkur Björn Björgvinsson hefur verið bæjarstjóri í átta ár og stefnir að því að vera áfram í starfi út kjörtímabilið.

MYND/DANIEL STARRASON

## Geta tekið við miklu fleiri ferðamönnum

Eiríkur Björn Björgvinsson hefur verið bæjarstjóri á Akureyri í tæp sex ár. Vill að sveitarfélagin fái hlut í oliugjaldi og fjármagnstekjuskatti. Segir innviði á Akureyri sterka og að sveitarfélagið geti tekið við miklu fleiri ferðamönnum.

### Íþróttiferillinn gott veganesti í starfið

Eiríkur Björn er kennaramenntaður, lauk íþróttakennaraprófi frá Íþróttakennaraskóla Íslands árið 1990 og diplómu frá Íþróttaháskólanum í Köln árið 1994 auk diplómaprófs í stjórnun frá Kennaraháskóla Íslands árið 2000. Hann var virkur í íþróttastarfi á yngri árum, einkum knattspyrnu, og segir það hafa hjálpað sér mjög mikið í starfi. „Það er margt sem maður

getur tekið úr íþróttum og yfir í stjórnunarhlutverk. Það er engin tilviljun að þjálfarar eru fengnir inn á námskeið hjá fyrirtækjum sem ráðgjafar. Þjálfarar eru að takast á við allt sem tekist er á við í rekstri og stjórnun. Það er hópeflíð og að búa til liðsheildir. Það er mjög margt sem ég hef tekið með mér úr íþróttum og inn í minn stjórnunarstil.“

að dreifa álaginu meira, ferðaþjónustan virðist vera farin að þrengja alveg gríðarlega að á suðvesturhorninu og það er hægt að taka við fleiri ferðamönnum á landsbyggðinni.“

Því telur Eiríkur mikilvægt að fá

meiri pening til þess að bæta Akureyrarflugvöll, en telur að sveitarfélagið hafi barist fyrir mjög öflugum innviðum. „Við höfum barist fyrir því að ríkisvaldið haldi hér úti mjög öflugri heilbrigðisþjónustu. Ferðamenn leita þangað þar sem eru

Launaútgjöldin hjá okkur eru að verða um 100 prósent af skatttekjum. Það er mjög óeðlileg þróun. Þá er eðlilegt að menn horfi inn á við og skoði hvað er hægt að gera í rekstrinum.

Eiríkur Björn Björgvinsson  
bæjarstjóri


auknar tekjur af ferðamönnum. Eiríkur vill horfa meira heildstætt á málin. „Það þarf að skipta skatttekjum betur milli ríkis og sveitarfélaga. Við erum að sinna gríðarlega mikilli þjónustu, líka fyrir ríkið. Eg er þeirrar skoðunar að í stað þess að vera með þjónustusamninga, þar sem við erum að koma til ríkisins og alltaf að biðja um pening til að standa undir tiltekinni þjónustu þá eigi að tryggja okkur hærra hlutfall af skatttekjum,“ segir Eiríkur. Hann sér fyrir sér ákveðna skattstofna sem ríkið fái að fullu en sveitarfélögin ættu að fá hlutdeild í. „Við erum t.d. að tala um oliugjald, ákveðna þætti í ferðaþjónustunni sem við teljum að við ættum að fá hlut í og svo er það fjármagnstekjuskatturinn,“ segir Eiríkur. Hann segir það vel þekkt að í okkar samfélagi sé fólk sem greiði ekkert útsvar þrátt fyrir að nota þjónustu sveitarfélaganna en greiði þeim mun hærri fjármagnstekjuskatt sem renni allur til ríkisins.

Gerð Vaðlaheidarganga er í fullum gangi og íbúar á höfuðborgarsvæðinu eru ekki allir samþykkir þeirri framkvæmd. Eiríkur telur þó að framkvæmdin hafi veruleg áhrif á Akureyri. „Hún þýðir það að Akureyri eflist enn frekar sem þjónustumiðstöð fyrir svæðið. Sérstaklega fyrir vetrarþjónustuna. Þetta veitir ákveðið öryggi fyrir íbúana í kring. Það er bara þannig að þróunin hefur verið sú að sjúkrahúsið á Akureyri hefur verið að eflast í ákveðinni þjónustu, til dæmis fæðingarþjónustu, á meðan hefur dregið úr slíkri þjónustu í kring um okkur. Og þetta er ákveðið öryggisatriði, meðal annars fyrir þingeyjar-sýslur og jafnvel austur á land að geta haft gott aðgengi hingað inn á Akureyri,“ segir Eiríkur. Síðan ýti þetta undir þá þróun að Norðurlandið verði eitt atvinnusvæði. Göngin eru gerð í einkaframkvæmd með láni frá ríkinu, en Eiríkur telur að almennt sé heppilegast að framkvæmd af þessu tagi sé ríkisframkvæmd. „Þetta er sú leið sem var farin og auðvitað var það rætt mjög ítarlega að koma verkefninu að á samgönguáætlun og kannski verður það gert. Það tókst ekki og þá er þetta bara leið sem menn fóru til að koma verkefninu á sem fyrst. En almennt séð held ég að þessi stóru og dýru og flóknu verkefni séu betur komin sem ríkisverkefni.“

Dómur féll í Hæstarétti fyrir í júní vegna norðaustur-/suðvesturbrautarinnar á Reykjavíkflugvelli. Dómurinn þýðir að þriðja brautin á velli mun væntanlega fara. Eiríkur segir að bæjaryfirvöld á Akureyri hafi margoft mótmælt áformum um að flytja flugvöllinn og það eigi líka við um þessa braut. „Hún er okkur gríðarlega mikilvæg. Það þarf ekkert að fara dýpra út í það en að þetta er öryggisatriði og það eru dæmi þess að hún hafi bjargað mannlífum. Það getur enginn breytt þessu nema Alþingi og það er þá bara spurning um vilja þingmanna til þess að tryggja það að þessi öryggisbraut og þetta öryggismannvirki verði áfram til staðar. Það eina sem við getum gert er að vekja athygli á því á málefnalegan hátt að flugvöllurinn eigi að vera áfram óhreyfður á sínum stað þar til betri lausn finnst, ef hún er þá til,“ segir Eiríkur, aðspurður um það hvernig bæjaryfirvöld geti beitt sér í málinu.

Eiríkur lýsti yfir áhuga á framboði til forseta Íslands fyrir á árinu og segist hafa fengið áskoranir þar um. Á endanum ákvað Eiríkur að bjóða sig ekki fram, en hann segist ekki hafa tekið ákvörðun um áframhaldandi setu í starfi bæjarstjóra. „Ég er búinn að vera í þessu starfi í 14 ár, þyrjaði 2002, þá austur á héraði þegar það hét Austur-Hérað en breyttist svo í Fljótsdalshérað. Ég hef aldrei hugsað nema í kjörtímabilum. Ég hef ekki tekið neina ákvörðun um það núna hvað ég ætla að gera eftir tvö ár. Ég stefni á að klára þetta kjörtímabil og hvað tekur við þá verður bara að koma í ljós,“ segir hann.





HP PageWide

# Umhverfis- vænu prentararnir

Gæðaútprentun með nýrri  
byltingarkenndri prenttækni  
og ódýrir í rekstri.



3 til 15 Notendur



Mjög ódýrir  
í rekstri



Mikil gæði  
í útprentun



HP plús öryggi  
og umsjón



Ótrúlegur hraði  
í útprentun

Fáðu ráðgjöf sérfræðinga Opinna kerfa við val á lausnum  
sem henta þínum þörfum og umhverfi.

Nánar á [www.ok.is/pagewide](http://www.ok.is/pagewide)



David Cameron forsætisráðherra fer víða þessa dagana til að skýra stöðuna.  
NORDICPHOTOS/AFP

## Fyrirverandi ráðgjafi Davids Cameron vill úrsögn Breta

Milljarðamæringurinn George Soros telur að breska  
pundið gæti lækkað um fimmtán prósent ef Bretar  
fara úr ESB. Fyrirverandi ráðgjafi Camerons telur út-  
göngu nauðsynlega til að stýra straumi innflytjenda.

Fjárfestirinn og milljarðamæringur-  
inn George Soros sagði í gær að ef  
af brotthvarfi Breta úr Evrópusam-  
bandinu, Brexit, yrði gæti breska  
pundið lækkað um að minnsta  
kosti fimmtán prósent og mögulega  
meira en tuttugu prósent.

Flest áhrifafólk á Bretlandi lætur  
nú í sér heyrna vegna þjóðaratkvæða-  
greiðslunnar um Brexit sem fer  
fram á morgun. Til að mynda sagði  
Steve Hilton, fyrirverandi ráðgjafi  
Davids Cameron, forsætisráðherra  
Bretlands, að hann hefði sagt for-  
sætisráðherra árið 2012 að  
engin leið væri að standa við kos-  
ningaloford sem Cameron gaf fyrir  
þingkosningarnar í fyrra um að  
innflytjendum yrði fækkað niður  
fyrir hundrað þúsund á ári. Þetta  
sagði Hilton í viðtali við BBC í gær.  
Cameron gaf einnig sams konar lof-  
ord fyrir kosningarnar árið 2010.

Hilton sagði einu leiðina til  
þess að ná þessu markmiði vera  
aðskilnað Bretlands frá Evrópusam-  
bandinu, Brexit. „Ráðgjafar sögðu  
okkur að svo lengi sem við værum í  
Evrópusambandinu gætum við ekki  
stýrt innflutningi. Þess vegna tel ég  
nauðsynlegt að við förum úr sam-  
bandinu,“ sagði Hilton sem berst

# 15%

prósent lækkun gæti orðið á  
pundinu, að mati Soros.

nú fyrir Brexit með samtökunum  
Vote Leave.

Auk hruns á gengi pundsins búa  
fjárfestar sig einnig undir það að  
hlutabréfaverð geti lækkað um tíu  
prósent á hlutabréfamarkaðnum  
í Lundúnum. Gengi hlutabréfa  
og pundsins hefur hvort tveggja  
lækkað í aðdraganda kosninganna,  
sér í lagi eftir að skóðanakkannir  
hafa sýnt auknið fylgi við útgöngu úr  
sambandinu.

Þá birtu aðstoðarskólastjórar 96  
háskóla á Bretlandi opið bréf til  
Breta þar sem þjóðin var hvött til  
að kjósa með áframhaldandi veru  
innan sambandsins. „Okkar trú er  
sú að aðskilnaður frá Evrópu skapi  
erfitt andrúmsloft fyrir fjárfestingu  
í menntun og rannsókn,“ segir í  
bréfinu.

[thorgnyr@frettabladid.is](mailto:thorgnyr@frettabladid.is)  
[saeunn@frettabladid.is](mailto:saeunn@frettabladid.is)





## Sveitarfélög

Elvar Orri Hreinsson  
sérfræðingur  
hjá Greiningu  
Íslandsbanka.

## Áskoranir sveitarfélaga

Rekstur sveitarfélaganna í heild stendur nokkuð vel um þessar mundir. Á árinu 2015 eru fleiri sveitarfélög í samstæðu sveitarfélaganna sem standa undir skuldum og skuldbindingum sínum með rekstrinum en á árinu 2014. Þróunin er því almennt í rétta átt þrátt fyrir að einstaka sveitarfélög nái vissulega ekki tilskildum skuldavæðingum sem þeim eru sett af eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS). Rekstrarreikningur sveitarfélaganna litast mikið af hækkanði launakostnaði og auknum lífeyrisskuldbindingum. Hvort tveggja helgast af kjarasamningum sem samþykktir voru á árinu 2015 ásamt breyttum forsendum varðandi dánar- og lífslíkur, en gert er ráð fyrir að dánartíðni lækki og að meðalævi lengist. Sveitarfélögin hafa haldið áfram að greiða niður langtímaskuldir, sem dragast nokkuð saman frá fyrra ári. Engu að síður hækka heildarskuldir og skuldbindingar samstæðu sveitarfélaganna á milli ára og er það aðallega vegna áðurgreindrar hækkunar lífeyrisskuldbindinga.

Jöfnunarsjóðurinn hefur aukið umfang sitt í rekstri sveitarfélaga undanfarin ár og nema framlög hans nú tæpum tíu prósentum af heildartekjum sveitarfélaganna. Framlög úr sjóðnum eru hlutfallslega hærri á landsvæðum með færri íbúa, og fá íbúar á Norðurlandi vestra og á Vestfjörðum hæstu framlög á mann en íbúar á höfuðborgarsvæðinu þau lægstu. Eru framlögin metin m.a. á grundvelli stærðarhagkvæmni og fá þar af leiðandi sveitarfélög með minni stærðarhagkvæmni að öllu jöfnu hærri framlög. Vandamálið við slíkt fyrirkomulag er að það getur skapað neikvæðan hvata til rekstrarlegs aðhalds og til frekari sameiningar smærri sveitarfélaga, sem gera myndi rekstur þeirra hagkvæmari.

Þróun íbúafjölda er líklega mikilvægasta atriðið hvað rekstur sveitarfélaganna varðar. Sú þróun sýnir í grundvallaratriðum ásókn í suðvesturhorn landsins, bæði þegar horft er til tveggja og tíu ára. Þessi þróun er vissulega jákvæð fyrir suðvesturhornið, en að sama skapi áhyggjuefni fyrir önnur landsvæði og sér í lagi þau landsvæði sem eru að glíma við fólksfækkun. Fækkun íbúa leiðir af sér lægri skatttekjur og veldur því að nýting mannvirkja og þjónustu verður lakari. Einnig skerðist hæfi sveitarfélaga til að standast skuldbindingar sínar þar sem lægri skatttekjur þýða minni tekjur til umráða til að þjónusta þær. Einsleitt atvinnulíf og lakar samgöngur hafa verið nefnd til sögunnar í þessu samhengi, og þarf að ráða bót á slíkum vandamálum ef jafnvægi í íbúapróun á milli landsvæða á að nást.

## Stund milli stríða



Verðbólga í Indónesíu í apríl var 3,78 prósent en 4,45 prósent í mars. Markmið seðlabankans í Indónesíu er að halda verðbólgunni í 3-5 prósentum. Þessir indónesíska burðarmenn veltu þó litið fyrir sér verðlagsþróuninni og sváfu á fatapokum á fatamarkaði í Djakarta í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Er Indlandi enn að mistakast



## Lars Christensen

alþjóðahagfræðingur

Þegar Narendra Modi varð forsætisráðherra Indlands í maí 2014 voru miklar vonir bundnar við að hann myndi hefja aftur umbótaferlið sem byrjaði á 10. áratugnum, og ef við lítum á frammistöðu indverskra fjármála-markaða var vissulega nokkur árangur í byrjun, og ef við lítum á raunvöxt vergrar landsframleiðslu þá hefur hann verið nokkuð kröftugur og stöðugur síðan Modi varð forsætisráðherra.

En ástæðuna fyrir þessum árangri ætti sennilega ekki að eigna Modi fyrst og fremst heldur seðlabankastjóranum Raghuram Rajan sem varð bankastjóri Seðlabanka Ind-

lands í september 2013 – skömmu áður en Modi varð forsætisráðherra.

Sýnilegasti árangur Rajans hefur verið sá að hann hefur náð verðbólgu úr 10-11% árið 2013 niður í um það bil 5% núna. Rajan hefur augljóslega haft heppnina með sér en hann hefur einbeitt sér að peningamálastefnu sem byggist á reglum í formi verðbólgu markmiða og meira gegnsæis í framkvæmd peningamálastefnunnar og þetta hefur leitt til meiri stöðugleika.

Sú staðreynd að Rajan hefur komið á peningalegum stöðugleika hefur því verið mikilvægur þáttur í öflugum og stöðugum hagvexti í indverska hagkerfinu.

En því miður tilkynnti Raghuram Rajan nú um helgina að hann muni láta af embætti þegar þriggja ára ráðningartíma hans lýkur í september. Þessi óvænta ákvörðun kemur í kjölfar þrýstings sem Rajan hefur orðið fyrir frá afturhaldssömum öflum í valdaflokki Modis forsætisráðherra, Bharatiya Janata-flokknum, sem hafa krafist þess að Seðlabanki Indlands lækki stýrivexti. Þetta sýnir hve erfitt það getur verið að fylgja peningamálastefnu á tilhlýðilegan hátt þegar sótt er að sjálfstæði seðlabankans til að

Það virðist því raunveruleg hættu á að við sjáum enn einu sinni pólitísk afskipti af peningamálastefnunni á Indlandi, sem gæti valdið aukinni verðbólgu á ný og meiri efnahagslegum óstöðugleika.

vikja frá markmiðum peningamálastefnunnar.

Það virðist því raunveruleg hættu á að við sjáum enn einu sinni pólitísk afskipti af peningamálastefnunni á Indlandi, sem gæti valdið aukinni verðbólgu á ný og meiri efnahagslegum óstöðugleika. Þetta eru sannarlega ekki góðar fréttir fyrir indverska hagkerfið – sérstaklega ekki við aðstæður þar sem litið hefur áunnist í efnahagslegum umbótum.

Þannig hafði, til dæmis samkvæmt mælingum Heritage Foundation á efnahagslegu frelsi, orðið umbótaferli á Indlandi á 10. áratugnum, sem greinilega ytti undir hagvöxt, en á síðustu tíu til fimmtán árum hafa litlar framfarir átt sér stað og þótt ríkisstjórn Modis

hafi gert nokkrar umbætur er erfitt að segja að þær hafi verið tilkoma-miklar. Reyndar er líklegt að flestir þeir sem fylgjast með indverskum stjórnáttum og efnahagsmálum myndu segja núna að umbótastefna Modis hafi í raun aldrei komist í framkvæmd og að þessa stundina sjáum við í raun að býsna sterk öfl gegn umbótum séu að ná meiri völdum innan Bharatiya Janata-flokksins eins og sést á uppsögn Rajans seðlabankastjóra nú um helgina. Auk þess hefur Congress-flokkurinn stöðugt reynt að grafa undan umbótastarfinu.

Indland hefur vissulega burði til að standa sig mjög vel, sérstaklega miðað við hinar mjög svo jákvæðu lýðfræðilegu horfur. Í Kína og Evrópu eru frekar slæmar horfur varðandi vöxt vinnuafns en mikil fólksfjöldun á Indlandi þýðir að líklegt er að við munum sjá sterkan vöxt vinnuafns á Indlandi á næstu áratugum. Hins vegar, ef aftur verður tekin upp pólitísk peningamálastefna og meiriháttar efnahagslegum umbótum verður ekki komið á, er ekki ólíklegt að við stöndum enn á ný frammi fyrir aðstæðum þar sem Indlandi tekst ekki að fullnýta möguleika sína.

## Ný tegund vinnusambanda



## Hin hliðin

Herdis Pála  
fyrirlisari,  
kennari, ráðgjafi  
og markþjálfari.

Margt hefur verið rætt og ritað um nýjar hugmyndir yngra fólks á vinnuarkaði. Það sé ekki eins tilbúið til að vinna langan vinnudag, eða ekki eins upptekið af starfsframa. Það vilji ráða sér meira sjálft og gera hlutina meira eftir eigin höfði.

Nú eru hins vegar að koma fram merki þess að það sé ekki bara yngra fólkið á vinnuarkaðnum sem er að þróa nýjar hugmyndir um vinnusambönd því hugmyndir reyndara fólks á vinnuarkaðnum eru líka að breytast.

Gamla hugsunin um að allir með metnað vilji alltaf vera að klifra upp metorðastigann er úrelt.

Reyndar er margt sem bendir til þess að mjög hæfir og reyndir einstaklingar séu jafn mikið að hugsa um hvernig sé best að klifra niður hinn gamla og svokallaða metorðastiga.

Þetta eru einstaklingar sem eru

Hlutastörf og fjarvinna er eitthvað sem getur líka verið til hagsbóta fyrir vinnuveitendur, ef vel er að málum staðið, hvað varðar skipulag, samninga, hugarfar o.fl.

búnir að sanna sig og skapa sitt orðspor. Einstaklingar sem eru metnaðarfullir, vilja þróast, fá krefjandi verkefni og nýta reynslu sína sem best án þess að vera að hugsa lengur

um hefðbundinn starfsframa, vera ofurseldir starfi sínu eða einum vinnuveitanda.

Hugmyndir um að vera í hlutastarfi hjá fleiri en einum vinnuveitanda, til að geta verið sem mestum tíma í verkefnum sem falla vel að sérhæfingu viðkomandi, eru að heyrast í auknum mæli.

Hugmyndir um að vinna í gegnum fjartengingu; heiman frá sér, frá golfvallarhótelu eða ströndinni er eitthvað sem margir geta hugsað sér, enda býður nútímataekni upp á það.

Á ensku er jafnvel talað um „The Freelance Economy“.

Hlutastörf og fjarvinna er eitthvað sem getur líka verið til hagsbóta fyrir vinnuveitendur, ef vel er að málum staðið, hvað varðar skipulag, samninga, hugarfar o.fl.

Þetta er því klárlega eitthvað sem vinnuveitendur og stjórnendur þurfa að skoda vel, ætli þeir séu að vera samkeppnishæfir á vinnuarkaði framtíðarinnar.

Störf sem við fyrstu sýn þættu ólíkleg til að henta í fjarvinnu geta mörg hver hentað mjög vel ef umgjörðin, skipulagið og mönnunin er góð, kannski erfiðast með starfsmenn í mótuneyti!



# Sameinast um reglur fyrir deiliahagkerfið

Tíu af stærstu borgum heims, meðal annars París, Seúl og Toronto, ætla að sameinast um reglur fyrir fyrirtæki eins og Airbnb og Uber. Fyrirtæki og neytendur verði að standa frammi fyrir samræmdum reglum. Óskað er eftir fyrstu reglugerð fyrir lok septembermánaðar.

Tíu af stærstu viðskiptaborgum heims stefna að því að skrifa í sameiningu reglubók fyrir deiliahagkerfið til þess að setja fyrirtækjum eins og Airbnb og Uber skýrari reglur. Þannig geti borgirnar nýtt sér stærð sína til að koma á fót skýrari grundvallarreglum.

Fyrirtæki sem tengjast deiliahagkerfinu hafa deilt við eftirlitsstofnanir, en oftast ríkja mismunandi reglur í hverri borg fyrir sig. Með nýrri reglubók sem myndi meðal annars ná til New York, Parísar, Seúl, Aþenu, Barcelona og Toronto myndi þetta breytast. Enn hafa engar reglur verið settar en fjöldi borgarfulltrúa hittist í fyrsta sinn í Amsterdam í síðasta mánuði til að ræða hugmyndina. Borgarfulltrúar Parísar vilja gefa út fyrstu reglubókina fyrir lok september.

„Það að leikið sé eftir mismunandi reglum á 20-30 stærstu mörkuðum heims gerir engum gott,“ er haft eftir Wiley Norvell, talsmanni New York borgar, í frétt Bloomberg um málið. „Við viljum að neytendur og ferðamenn standi frammi fyrir samræmdum reglum milli borga. Við viljum nýta stærð markaðanna sem er gífurleg, svo að raddir borganna muni hafa áhrif,“ segir Norvell.

Reglugerðir hafa verið stærsti þröskuldurinn fyrir aukinni þjónustu fyrirtækja eins og Airbnb og Uber. Bæði fyrirtækin hafa talað fyrir því að þau hafi jákvæð áhrif á



**Það að leikið sé eftir mismunandi reglum á 20-30 stærstu mörkuðum heims gerir engum gott.**

Wiley Norvell, talsmaður New York borgar

borgir og séu atvinnuskapandi og hafa rætt við borgaryfirvöld um það að vera réttum megin við lögin.

Airbnb hefur átt ágætt samstarf við París, stærsta markað fyrirtækisins, með því að innheimta ferðamannaskatt fyrir hönd borgarinnar á notendur sína. Airbnb mun halda áfram að innheimta slíkan skatt í átján borgum til viðbótar í Frakklandi frá og með ágúst. Ian Brossat, borgarfulltrúi í París, segir í samtali við Bloomberg að þetta sé jákvæð þróun. Hins vegar geti forsvarsmenn Airbnb ekki „keypt“ borgaryfirvöld með einum né neinum hætti. Þau muni halda áfram vinnu til að sporna gegn því að heilu hverfin fari í útleigu til ferðamanna. Frönsk yfirvöld vilja auk ferðamannskattsins leggja skatt á tekjur af útleigu íbúða í gegnum Airbnb.

Brossat segir nauðsynlegt að vera með reglugerð í deiliahagkerfinu þar sem komið sé að lokahnykknum í baráttunni við deiliahagkerfið. Almennigur sé farinn að skilja að þörf sé á úrræðum.

saeunn@frettabladid.is



Paris er vinsælasti áfangastaður Airbnb-notenda. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Öflug þjónusta við leigjendur

Almenna leigufélagið býður leigjendum sínum sólarhringsþjónustu

Leigjendur okkar vita nákvæmlega hvert þeir eiga að leita ef íbúðin þeirra þarfnast viðhalds og þökk sé góðu samstarfi við Securitas getum við sinnt neyðartilfellum allan sólarhringinn. Almenna leigufélagið hefur gert leigu að raunhæfum valkosti á húsnæðismarkaði með því að tryggja leigjendum örugga búsetu.

„Öll umsjón er til fyrirmyndar og vel hugsað um sameign og lóð. Okkur fjölskyldunni líður rosalega vel hérna.“  
– Selma, íbúi í Brautarholti

„Ég hef alltaf búið í eigin húsnæði en er nú að leigja í fyrsta sinn. Ég hafði heyrt margar hryllingssögur af leigusölum en þjónustan hefur verið góð og ábendingum vegna viðhalds alltaf sinnt fljótt og vel.“  
– Gylfi, íbúi við Skyggisbraut

„Við erum mjög ánægð með að hafa komist beint í langtímaleiguíbúð eftir langa dvöl erlendis.“  
– Elías og Birna, íbúar í Hátúni



Langtíma leigusamningur



Sveigjanleiki



24/7 þjónusta

**ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ**

almennaleigufelagid.is



Samstarf Almennaleigufélagsins og Securitas tekur til allra íbúða félagsins.



## Stjórnar- maðurinn

@stjornarmadur

### Lofum lónið

**Talsvert** hefur verið fjallað um verðlagningu á heim-sóknum í Bláa lónið í fjölmiðlum undanfarin ár. Yfirleitt hefur slík umfjöllun verið með neikvæðum formerkjum, og þá á þá leið að verðmiðinn sé slíkur að búið sé að gera venjulegum fjölskyldum ókleift að heimsækja lónið án þess að eyða formúu.

**Nú síðast** í vikunni voru fregnir af því að Bláa lónið hefði hafið að innheimta mismunandi verð eftir því hvenær dags eða árs gestir sækja lónið heim. Í sömu frétt var vísað í frétt af afkomu Bláa lónsins undir fyrirsögninni „Bláa lónið hagnast um milljarða“.

**Kannski** er það þetta hugarfar sem stendur ferðaþjónustu á Íslandi fyrir þrifum. Íslendingar eiga engan guðsgefinn rétt til að heimsækja Bláa lónið. Það er í einkaeigu og eigendurnir eiga þann óskoraða rétt að haga rekstrinum eins og þeim þóknast.

**Að sama skapi** hljóta náttúru-verndarsjónarmið og sjónarmið um að ferðamannvirki og náttúruperlur skuli standa undir sér að réttlæta hóflega gjaldtöku til ferðamanna, innlendra sem erlendra. Þar vikja einfaldlega meiri hagsmunir fyrir minni. Það verður að skapa tekjur svo hægt sé að standa undir viðhaldi, sporna við ofnýtingu og tryggja öryggi. Þar verða sjónarmið um óheftan og gjaldfrjálsan aðgang Íslendinga að náttúruperlum að vikja.

**Bláa lónið** er raunar ágætt dæmi um hvernig á að byggja upp fyrirtæki í ferðaþjónustu. Margir muna eftir tíð þegar varla var nema einn útiskúr og sturta á svæðinu. Nú er öldin önnur og aðstaðan öll eins og best verður á kosið. Fyrirtæki í einkaeigu hefur tekist að verða einn þekktasti áfangastaður fyrir ferðamenn á landinu. Bláa lónið velti á síðasta ári tæpum átta milljörðum króna, og EBIDTA hagnaður félagsins nam rúmum þremur milljörðum. Starfsmenn eru um fimm hundruð.

**Óviða í heiminum** þætti tiltökumál að greiða átta þúsund krónur fyrir sundsprett í laug eins og Bláa lóninu. Sambærilegt gjald er til dæmis innheimt til að heimsækja náttúrulaugar í breska bænnum Bath (nafngiftin skýrir sig sjálf). Þar, líkt og á Suðurnesjunum, er verðið engin fyrirstaða og böðin frægu standa öðrum þræði undir hagkerfinu á staðnum.

**Óskandi** væri ef ferðamanna-íðnaðurinn á Íslandi tæki Bláa lónið sér til fyrirmyndar.

## 20

### MILLJARÐA KORTAVELTA

Erlend greiðslukortavelta nam tæpum tuttugu milljörðum króna í maí síðastliðnum samkvæmt tölum frá Rannsóknarsetri verslunarinnar. Um er að ræða 51,4 prósentu aukningu frá sama tíma í fyrra þegar hún var þrettán milljarðar króna. Kortavelta ferðamanna jókst á milli ára í öllum útgjaldaliðum í maí.

## 1%

### FJÖLGUN LANDSMANNA

Hinn 1. janúar síðastliðinn var íbúafjöldi á Íslandi 332.529 sem er eitt prósent fjölgun frá sama tíma árið áður eða um 3.429 einstaklinga, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Árið 2015 voru fæddir umfram dána 1.951. Þá fluttust 6.010 utan en 7.461 til landsins. Aðfluttur umfram brottflutta voru því 1.451 árið 2015.

15.06.2016



Það kemur okkur í raun ekki við. Það var enginn af okkur að koma hingað til að fá að heilsa Ronaldo. Okkur er alveg sama þó svo að hann hafi ekki viljað taka í höndina á neinum.

Heimir Hallgrímsson  
landsliðsþjálfari



# FRÉTTABLAÐIÐ

# 59,5%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu  
á aldursbilinu 12–80 ára lesa  
Fréttablaðið daglega.\*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla  
sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.

59,5% lesa  
Fréttablaðið

28,6% lesa  
Morgunblaðið



Skv. prentmiðlakönnun Gallup, janúar–mars 2016